

Skipulagsráð Akureyrarbæjar

Pétur Ingi Haraldsson

Varðandi: Hesjuvellir, fyrirspurn varðandi skipulagsmál

Undirrituð, Kristín Jóhannesdóttir og Erlingur Guðmundsson, höfum hug á að gera tilboð í syðsta hlutann af auglýstu landi á Hesjuvöllum, rétt ofan við hesthúsabyggðina í Lögmannshlíð. Sjá hér: <https://www.mbl.is/fasteignir/fasteign/1289679/>

Slíkt tilboð yrði ávallt með fyrirvara um að samþykkt yrði nýtt deiliskipulag fyrir lóðina með byggingarétti fyrir íbúðarhús á Lönguklökk, gestahús ofar á lóðinni og hesthús sunnan við klökkina (sjá mynd hér fyrir neðan). Núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir einu íbúðarhúsi í landinu öllu, þ.e.a.s. þessum 18 hekturum.

Hér má skýringarmynd varðandi það:



Þar langar okkur að reisa um 200 -250 m² íbúðarhús með bílskúr og 8-10 hesta hús sem yrði (60-70 m²). Með þessu getum við sameinað vilja okkar til að búa innan sveitarfélagsins, að vera með hesthús í nálægð við reiðhöllina og hafa jarðarskika fyrir hrossin okkar á sumrin.

Landið sem auglýst er til sölu er rúmlega 18 hektarar, en hugur okkar stendur til að eignast u.þ.b. 1/3 af syðsta hluta landsins, sjá tillögu að landamerkjum með rauðri línu.

Okkur langar með bréfi þessu að kanna eftirfarandi:

- Kæmi til greina að deiliskipuleggja þetta land á ný svo þessi kostur væri mögulegur, þ.e.a.s. að fá byggingaleyfi fyrir íbúðarhúsi og hesthúsi á þessari 6-7 hektara lóð?
- Kæmi til greina að jörðinni yrði skipt upp og að þessi landskiki yrði skilgreindur sem lögbýli?
- Hver væru gjöld okkar til bæjarins við slíka framkvæmd og hvaða þjónustu fælu þau í sér gagnvart innviðum?

Bestu kveðjur,

Kristín Jóhannesdóttir, kt. 210375-5039
Erlingur Guðmundsson, kt. 160471-3369
Reynilundi 10, 600 Akureyri